



Icelandic Trademark Holding ehf.

Ársreikningur 2023

Icelandic Trademark Holding ehf.
Bjargargötu 1
102 Reykjavík

kt. 711011-0990

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjárfirlit	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Icelandic Trademark Holding ehf. (ITH) er eigandi vörumerkjanna Icelandic® og Icelandic®Seafood sem standa fyrir hágæða Íslenskar sjávarafurðir. Stefna ITH er að Icelandic vörumerkið stuðli að því að auka verðmæti og auðvelda markaðsaðgengi íslenskra sjávarafurða á erlendum mörkuðum á grundvelli gæða, sjálfbærni og uppruna. Ávinningur af rekstri ITH skal renna til þess að styrkja Icelandic vörumerkið og almenna ímyndaruppbyggingu íslensks sjávarfangs.

Tilgangur félagsins er eignarhald og útleiga á vörumerkjum og tengdur rekstur.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2023 að fjárhæð 88,3 m. kr. Eigið fé félagsins nam 250,9 m. kr. í árslok 2023 og heildareignir voru 253,2 m. kr.

Hlutfé félagsins nam 8,1 m. kr. þann 31. desember 2023, og átti félagið engin eigin bréf. Hluthafi var einn í árslok eins og í upphafi árs.

Hluthafar og eignarhlutur	31.12.2023	31.12.2022
Ríkissjóður Íslands	100,0%	100,0%

Engir starfsmenn voru hjá félaginu á árinu og daglegum rekstri þess hefur verið útviðað til Íslandsstofu, sjá nánar í skýringu 28.

Ekki eru skilyrði til greiðslu arðs á árinu 2024 vegna rekstrar ársins 2023. Að öðru leyti vísar stjórnin til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Í þessu samhengi ber að hafa í huga að peningalegur ávinningur í formi arðgreiðslna er ekki markmið eiganda ITH, íslenska ríkisins, með eignarhaldi í félaginu. Markmiðið er sem fyrr segir að ávinningi af starfsemiinni verði varið til að styrkja ímyndaruppbyggingu íslensks sjávarfangs og Icelandic vörumerkjanna.

Á árinu ákvað ITH, að höfðu samráði við endurskoðendur félagsins, að hætta afskriftum á vörumerkjum í eigu ITH. Við ákvörðunina var stuðst við virðismat sem byggði á væntri afkomu á árinu og niðurstöðum rekstraráætlunar félagsins fyrir næstu 5 árin. Nánar er fjallað um þessa breytingu í skýringu 27.

Sókn í markaðsstarfi og horft til framtíðar

Jákvæð afkoma síðustu ára hefur gert ITH kleift að blása til sóknar í að styrkja Icelandic vörumerkin og efla markaðssókn í tengslum við mynd þeirra. Þannig hefur verið fylgt eftir stefnu félagsins frá 2021 og skerpt á henni með endurskoðun hennar á árinu 2023. Megininntakið er að auka verðmæti og auðvelda markaðsaðgengi íslenskra sjávarafurða á erlendum mörkuðum á grundvelli gæða, sjálfbærni og uppruna.

Með þátttöku í markaðsverkefnum íslenskra útflutningsfyrirtækja á mörkuðum í Evrópu og Norður Ameríku hefur félagið lagt sin lóð á vogarskálarnar við almenna ímyndaruppbyggingu íslensks sjávarfangs og við að styrkja mynd Icelandic vörumerkjanna. Við endurskoðun á stefnu félagsins á haustmánuðum 2023 voru settar fram ýmsar nýjar áherslur og vaxtataekifæri sem lúta að viðskiptaþróun í tengslum við núverandi samninga félagsins, ný markaðssvæði, nýsköpun o.fl.

Vernd Icelandic vörumerkjanna

Í stefnu ITH er gert ráð fyrir að skráningar á vörumerkjum Icelandic og Icelandic Seafood miðist við kjarnastarfsemi félagsins, þ.e. íslenskar sjávarafurðir og tengdar afurðir og þjónusta. Það er stór og mikilvægur þáttur í starfsemi vörumerkjafélags eins og ITH að styrkja og standa vörð um vörumerki félagsins en að þeim hefur verið sótt úr ýmsum áttum í áruna rás.

Á árinu 2018 höfðaði ITH mál gegn breska fyrirtækinu Iceland Foods Ltd. (IFL) um ógildingu á ESB skráningu orð- og myndmerkisins ICELAND í þremur vöru- og þjónustuflokkum. Tveimur árum fyrr höfðu Íslenskir aðilar, utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Íslandsstofa, höfðað mál gegn IFL til ógildingar á ESB skráningu IFL á orðmerkinu ICELAND. Hugverkastofa Evrópusambandsins (EUIPO) komst árið 2019 að þeirri niðurstöðu að vörumerkjaskráning IFL á bæði orðmerkinu ICELAND sem og orð- og myndmerkinu ICELAND í ESB væri ógild í heild sinni.

IFL áfrýjaði málinu til áfrýjunarnefndar EUIPO sem vísaði málinu til „Grand Board of Appeal“ (fjölskipað áfrýjunarnefnd). Niðurstöður úr sameiginlegum munnlegum málflytingu málna tveggja fyrir Grand Board á árinu 2022 voru íslensku aðilunum í hag en þar var áfrýjunum IFL vísað frá að fullu. Þrátt fyrir þessar jákvæðu niðurstöður í máli ITH og máli hinna íslensku aðilanna er ljóst að málnum fylgir ákveðin óvissa þar sem IFL hefur áfrýjað málinu til „General Court“ ESB. Þá er sótt að Icelandic vörumerkjum úr fleiri áttum og kallar varðstaðan um vörumerkin á útgjöld af hálfu ITH.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2023 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2023.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. febrúar 2024.

Stjórn

Four handwritten signatures in blue ink, representing the members of the Board of Directors.

Framkvæmdastjóri

A handwritten signature in blue ink, representing the Chief Executive Officer.

Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Icelandic Trademark Holding ehf.

Álit

Ársreikningur Icelandic Trademark Holding ehf. fyrir árið 2023 er kannaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaáðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð Ríkisendurskoðunar

Ábyrgð Ríkisendurskoðunar felst í þeirri ályktun um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun Ríkisendurskoðunar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningnum. Slik könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningu á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnunin felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og því er ekki víst að vitneskja hafi fengist um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnunina kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, 23. febrúar 2024.

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur

	Skýringar	2023	2022
Rekstrartekjur	13	156.922	158.830
Rekstrartekjur		156.922	158.830
Laun og launatengd gjöld	14	(7.329)	(7.259)
Kynningar- og markaðskostnaður		(20.254)	(11.654)
Annar rekstrarkostnaður	15	(44.729)	(46.746)
Rekstrarkostnaður		(72.312)	(65.659)
Rekstrartekjur fyrir afskriftir		84.610	93.171
Afskriftir	7, 19	0	(38.016)
Hreinar rekstrartekjur		84.610	55.155
Fjármunatekjur	16	3.817	5.318
Fjármagnsgjöld	17	(95)	(6)
Hreinar fjármunatekjur		3.722	5.312
Hagnaður fyrir tekjuskatt		88.332	60.467
Tekjuskattur	18	0	0
Hagnaður ársins		88.332	60.467

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2023	31.12.2022
Öfnislegar eignir	7, 19	139.466	139.466
Fastafjármunir samtals		139.466	139.466
Viðskiptakröfur	10, 21	28.502	42.128
Aðrar skammtímakröfur	22	1.643	588
Handbært fé	11, 23	83.558	53.265
Veltufjármunir samtals		113.703	95.981
Eignir samtals		253.169	235.447
Eigið fé og skuldir			
Hlutafé	24	8.103	8.103
Yfirverðsreikningur		752.717	752.717
Ójafnað eigið fé		(509.882)	(598.215)
Eigið fé samtals		250.938	162.605
Viðskiptaskuldir		1.879	10.858
Fyrirframinnheimtar tekjur		0	61.682
Aðrar skammtímaskuldir	25	352	301
Skammtímaskuldir samtals		2.231	72.841
Eigið fé og skuldir samtals		253.169	235.447

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjárfirlit

1. janúar 2023 til 31. desember 2023	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023		8.103	752.717	(598.215)	162.605
Hagnaður ársins				88.332	88.332
Eigið fé 31. desember 2023		8.103	752.717	(509.882)	250.938

1. janúar 2022 til 31. desember 2022	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2022		8.103	752.717	(658.681)	102.139
Hagnaður ársins				60.467	60.467
Eigið fé 31. desember 2022		8.103	752.717	(598.215)	162.605

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2023	2022
Hagnaður ársins		88.332	60.467
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Gengismunur		88	(4.611)
Afskriftir óefnislegra eigna	19	0	38.016
Fyrirframinnheimtar tekjur		(60.440)	(57.774)
		27.980	36.098
Rekstartengdar eignir, breyting		12.482	(6.185)
Rekstatengdar skuldir, breyting		(10.169)	290
Handbært fé frá rekstri		30.293	30.203
Handbært fé í upphafi árs		53.265	23.061
Breyting handbærs fjár		30.293	30.203
Handbært fé í árslok		83.558	53.265

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið

Icelandic Trademark Holding ehf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt einkahlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er að Bjargargötu 1, Reykjavík. Icelandic Trademark Holding ehf. er eigandi og þjónustuaðili vörumerkjanna Icelandic® og Icelandic® Seafood sem einblína á hágæðavörur með íslenskan uppruna.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni þann 23. febrúar 2024.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að það hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

3. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Tekjur af nýtleifyfisgreiðslum fyrir nýtingu á vörumerkjum félagsins eru færðar línulega í rekstrarreikningi á samningstíma.

4. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sérstakar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

5. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru skilgreindir sem hluthafar með bein eða óbein yfirráð yfir félaginu, önnur félög innan sömu samstæðu, önnur félög sem eru skilgreind sem tengdir aðilar hluthafa með bein eða óbein yfirráð og lykilstjórnendur félagsins og móðurfélags.

6. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum myntum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi árslok 2023. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.

Gengi helstu gjaldmiðla þróaðist sem hér segir á árinu.

Gjaldmiðill	Myntkóti	Meðalgengi		Lokagengi	
		2023	2022	31.12.2023	31.12.2022
Evra	EUR	149,136	142,329	150,500	151,500
Bandaríkjadalur	USD	137,976	135,464	136,200	142,040

7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fast hlutfall af stofnvirði, og miðar afskriftahlutfall við áætlaðan nýtingartíma sem er endurmetinn við lok hvers reikningsárs. Árlegt afskriftarhlutfall óefnislegra eigna er sem hér segir:

Vörumerki 0%

Frá og með reikningsárinu 2023 er áætlaður nýtingartími vörumerkja ekki skilgreindur og afskriftum því hætt. Sjá nánar í skýringu 27.

Skýringar

8. Virðisrýrnun

a. Almenn

Árlega, eða oftar ef ástæða þykir til, er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. Eign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um einn eða fleiri orðna atburði sem benda til þess að vænt framtíðar sjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

b. Útreikningur

Virðisrýrnun eigna er mismunur á bókfærðu virði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi hinsvegar. Útreikningar geta náð til einstakra eigna eða eignasamstæða eftir aðstæðum. Nánar er fjallað um framkvæmd virðisrýrnunarprófs í skýringu 20.

c. Bókun

Virðisrýrnun er gjaldfærð í gegnum rekstrarreikning.

d. Viðsnúningur

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Viðsnúningur virðisrýrnunar er færð í gegnum rekstrarreikning.

9. Tekjuskattur

Skatteign eða skattskuldbinding er reiknuð og færð í reikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annarsvegar og reikningi félagsins hinsvegar. Mismunur efnahagsliða sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts miðar við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í reikningsskilum félagsins.

Tekjuskattur innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll.

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Færð er varúðarniðurfærsla til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

11. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

12. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Skýringar

Rekstrarreikningur

13. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Seldar vörur og þjónusta	96.482	101.057
Fyrirframinnheimtar tekjur	60.440	57.774
Samtals	156.922	158.830

14. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Stjórnarlausn	6.175	6.315
Mótframlag í lífeyrissjóð	710	505
Tryggingagjöld	437	433
Önnur launatengd gjöld	6	6
Samtals	7.329	7.259

Eins og fram kemur í skýringu 28 var rekstri félagsins útvistað til Íslandsstofu á árinu 2020 og því engir starfsmenn á launaskrá.

15. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Sérfræðiþjónusta	39.790	43.028
Rekstur húsnæðis	3.933	2.925
Annar kostnaður	1.006	792
Samtals	44.729	46.746

16. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Vaxtatekjur	3.817	707
Gengismunur	0	4.611
Samtals	3.817	5.318

17. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Vaxtagjöld	8	6
Gengismunur	88	0
Samtals	95	6

18. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2023 þar sem tekjuskattsstofn er neikvæður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok nemur 632,0 m. kr. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er ekki eignfærð vegna óvissu um nýtingu.

Skýringar

Efnahagsreikningur

19. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sundurliðast sem hér segir:

	Vörumerki
Bókfært virði 1. janúar 2023	139.466
Afskriftir	0
Bókfært virði 31. desember 2023	139.466
	Vörumerki
Stofnverð	760.320
Afskrifað	(620.854)
Bókfært virði 31. desember 2023	139.466

Nánar er fjallað um virðisrýrnun í skýringu 8 og útreikninga á henni í skýringu 20.

20. Virðisrýrnunarpróf

Félagið hefur fengið utanaðkomandi sérfræðing til að meta gangvirði óefnislegra eigna félagsins, þ.e. þeirra vörumerkja sem það hefur umsjón með, með það að markmiði að meta hvort ástæða sé til að ætla að virðisrýrnun hafi átt sér stað. Við gangvirðismatið er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði vörumerkjanna byggt á gildandi nytjaleyfissamningum.

Sjóðstreymislíkanið byggir á frjálsum sjóðstreymi til félagsins sem er núvirt með veginni ávöxtunarkröfu fjármagns sem gerð er til eignarinnar (WACC). Sjóðsflæðisáætlun í líkaninu er til 5 ára en eftir það er reiknað framtíðarvirði sem miðar við 0% árlegan tekjuvöxt. Ávöxtunarkrafa eigin fjár er metin út frá CAPM (Capital Asset Pricing Model) líkaninu þar sem byggt er á áhættulausum verðtryggðum vöxtum að viðbættu álagi til þess að mæta þeirri áhættu sem tengist eignum félagsins. Vextir á lánsfjármagn eru metnir með hliðsjón af almennum vaxtakjörum sem bjóðast á markaði. Gert er ráð fyrir 33% skuldsetningarhlutfalli til framtíðar og er niðurstaðan 14,35% vegin ávöxtunarkrafa.

Samkvæmt niðurstöðum líkansins er virði vörumerkjanna herra en bókfært virði þeirra og því ekki vísbending um virðisrýrnun óefnislegra eigna á árinu 2023.

21. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur	28.502	42.128
Varúðarniðurfærsla	0	0
Samtals	28.502	42.128

Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggt á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

22. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Virðisaukaskattur	882	448
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	721	99
Áunnar tekjur	0	0
Annað	40	40
Samtals	1.643	588

Skýringar

23. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Bankainnstæður í íslenskum krónum	20.689	680
Bankainnstæður í erlendum myntum	55.461	45.716
Peningamarkaðsbréf	7.407	6.868
Samtals	83.558	53.265

24. Hlutfé

a. Hlutfé

Hlutfé félagsins nam 8,1 m. kr. í lok ársins samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Félagið á engin eigin bréf og hefur hvorki gefið út kauprétti né áskriftarréttindi né tekið lán sem breytanleg eru í hlutfé.

	31.12.2023	31.12.2022
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum	8.103	8.103
Eigin hlutir	0	0
Útistandandi hlutfé	8.103	8.103

25. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Ógreidd laun og launatengd gjöld	352	301
Samtals	352	301

Skýringar

Annað

26. Viðskipti við tengda aðila

Viðskiptakjör í viðskiptum við tengda aðila eru í öllum tilfellum eins og um ótengda aðila væri að ræða.

27. Breyting á reikningsskilaaðferðum - óefnislegar eignir

Stærsta eign félagsins er óefnisleg eign í formi vörumerkja sem standa undir öllum tekjum félagsins og þá um leið rekstrargrundvelli þess. Þegar félagið eignaðist þessi vörumerki á árinu 2016 var tekin sú ákvörðun að fyrna virði þeirra á skilgreindum líftíma, sem þá var metinn 20 ár. Virði vörumerkjanna hefur einnig verið kannað með virðisrýrnunarprófi með reglulegu millibili.

Stjórn og stjórnendur félagsins hafa haft uppi efasemdir um réttmæti þessarar ákvörðunar og er það mat þeirra að sé rétt staðið að málum muni vörumerkin halda verðmæti sínu um ókomna tíð. Í samráði við endurskoðendur félagsins, og að undangengnu virðisrýrnunarprófi, var því tekin sú ákvörðun að frá og með rekstrarárinu 2023 verði þessar eignir ekki lengur látnar sæta reglubundnum fyrningum. Bókfært virði þeirra verður því einungis lækkað gefi niðurstöður virðisrýrnunarprófa ástæðu til að ætla að um ofmat sé að ræða.

28. Samningur við Íslandsstofu

Á miðju ári 2020 undirritaði félagið samning við Íslandsstofu um daglegan rekstur þess og Umsýslu á vörumerkjum í eigu félagsins. Samkvæmt samningnum hefur Íslandsstofa m.a. annast framkvæmdastjórn félagsins, annast bókhald og fjármál, haft umsjón með vörusýningum og kynningarstarfi og annast samningagerð við leyfishafa.

Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

29. Lykiltölur

Helstu lykiltölur eru sem hér segir:

	2023	2022
Veltufjárhlutfall	50,96	1,32
Eiginfjárhlutfall	99,1%	69,1%
Arðsemi eigin fjár	54,3%	59,2%
EBITDA	84.610	93.171

Undirritunarsíða

Guðmundur Björgvin Helgason